

## Opið bréf til stjórnar Icelandair Group hf.

Stjórn Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) lýsir yfir gríðarlegum vonbrigðum með að Icelandair Group hf skuli manna flugverkefni sín erlendis með flugmönnum sem ráðnir eru sem verktakar í gegnum áhafnaleigur í skattaskjólum. Þetta er sérstaklega dapurlegt í ljósi þess að færa má rök fyrir því að íslenska ríkið fari í dag með um þrjá fjórðu hluta hlutafjár í félaginu.

Um sextíu flugmenn FÍA sem starfað hafa hjá Icelandair Group hf / Icelandair ehf eru án atvinnu í dag og flestir þeirra á atvinnuleysisbótum hjá íslenska ríkinu. Þrátt fyrir að flugverkefni séu fyrir hendi hjá Icelandair Group hf er þessum mönnum haldið utan þeirra.

Nýverið kom inn á borð fyrirtækisins leiguflugsverkefni erlendis sem til stóð að flugmenn Icelandair ehf ættu að vinna. Var búið að kynna það stéttarfélaginu og hópur flugmanna kominn með þetta á sínar vinnuskrár. Án fyrirvara var þetta verkefni fært frá Icelandair ehf og öðru dótturfélagi Icelandair Group hf – SmartLynx í Lettlandi falið að sinna verkefninu. Til að sinna störfum flugmanna voru frekar endurráðnir verktakaflugmenn í gegnum áhafnaleigu á Guernsey í stað þess að endurráða atvinnulausa flugmenn á kjarasamningi stéttarfélagsins.

Þetta gerist þrátt fyrir að samkvæmt kjarasamningi FÍA við Icelandair Group hf /Icelandair ehf skal verkefni þetta mannað flugmönnum Icelandair ehf og það myndi þýða vinnu fyrir fjölda atvinnulausra flugmanna Icelandair ehf sem nú eru á atvinnuleysisbótum. Þessir sömu flugmenn myndu greiða skatta af launum sínum til íslenska ríkisins í stað þess að vera á bótum og þannig leggja sitt af mörkum til samfélagsins. Af ótrúlegri óbilgirni og ósveigjanleika vill stjórn Icelandair Group hf færa störf þessi í hendur flugmanna, sem ráðnir eru í gegnum áhafnaleigu í skattaskjóli sem gerviverktakar.

Það verður að teljast með ólíkindum hve skilningsleysi stjórnar þessa umsvifamikla flugrekanda á Íslandi í garð sinna eigin flugmanna ristir djúpt og hve löngun Icelandair Group hf til þess að létta undir með íslenskri þjóð ristir grunnt. Nú þegar alvarlegar horfir í efnahagsmálum þjóðarinnar en nokkru sinni fyrr, efnir stjórn fyrirtækisins til illinda við stéttarfélag atvinnuflugmanna á Íslandi.

Með vísan til ástands efnahagsmála á Íslandi hefur stjórn FÍA ekki viljað láta sverfa til stáls í þessu mikla réttlætismáli. Nú er hvorki staður né stund til þess að standa í harðvítugum átökum um það sem við teljum rétt okkar fólks til vinnu. Átök nú myndu skaða íslenskt þjóðarþú. Þolinmæði okkar er hins vegar á þrotum og því viljum við vekja athygli stjórnvalda og almennings á þessari stöðu. FÍA hefur þegar hafið undirbúning að málshöfðun fyrir Félagsdómi vegna meintra brota Icelandair Group hf / Icelandair ehf.

Stjórn Félags íslenskra atvinnuflugmanna skorar á stjórn Icelandair Group hf. að breyta afstöðu sinni.

Stjórn Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA)